

TILLAGA

að starfsreglum um þingsköp kirkjuþings.

Flm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, **Einar Már Sigurðarson** og Stefán Már Gunnlaugsson.

I. KAFLI.

Þingfundir.

1. gr.

Forseti kirkjuþings boðar kirkjuþing árlega saman til fundar með eigi skemmri fyrirvara en eins mánaðar.

Heimilt er að gera hlé á þingfundum milli umræðna.

Óski þriðjungur kjörinna kirkjuþingsfulltrúa eftir er forseta skylt að kalla aukakirkjuþing saman, sbr. 1. mgr.

Þá er forseta, að höfðu samráði við forsætisnefnd, heimilt að boða til aukakirkjuþings þegar nauðsyn ber til.

II. KAFLI.

Sérstakt hæfi.

2. gr.

Hæfisreglur þessar taka til allra sem sitja á kirkjuþingi og skiptir þá ekki máli hvort þeir eiga atkvæðisrétt eða hafa málfrelsi.

3. gr.

Hver sá sem situr á kirkjuþingi má hvorki taka þátt í umfjöllun né atkvæðagreiðslu um mál sem varðar hann sérstaklega persónulega eða fjárhagslega.

Við afgreiðslu mála á kirkjuþingi er varða fjárstjórnarvald skulu þeir kirkjuþingsfulltrúar sem hagsmuna hafa að gæta í tilteknu máli víkja sæti. Rísi ágreiningur um túlkun þessarar málsgreinar sker forseti þingsins úr.

4. gr.

Forseti kirkjuþings gætir þess að kirkjuþingsfulltrúi eða kirkjuþingsfulltrúar sem ekki uppfylla skilyrði reglna þessara um sérstakt hæfi við meðferð tiltekins þingmáls víki úr þingsal meðan á umfjöllun stendur.

Fulltrúi á kirkjuþingi skal vekja athygli forseta á ástæðum sem kunna að valda vanhæfi hans til umfjöllunar og atkvæðagreiðslu um tiltekinn dagskrárlið þingsins skv. reglum þessum.

5. gr.

Kirkjuþing er ályktunarhæft við afgreiðslu máls óháð þeim fjölda kirkjuþingsfulltrúa sem eftir eru þegar vanhæfir kirkjuþingsfulltrúar hafa vikið sæti.

III. KAFLI.

Störf nýkjörins kirkjuþings.

6. gr.

Fráfarandi forseti boðar til nýkjörins kirkjuþings.

Skal þingið að jafnaði koma saman síðasta laugardag júnímánaðar en þó eigi síðar en innan fjögurra vikna frá útgáfu kjörbréfa.

Sá kirkjuþingsfulltrúi úr röðum leikmanna, sem hefur lengsta þingsetu að baki stýrir fundi og stjórnar kjöri forseta.

Hafi tveir kirkjuþingsfulltrúar eða fleiri setið jafnlengi á kirkjuþingi, skal sá teljast aldursforseti sem eldri eða elstur er.

Kjörinn forseti tekur að svo búnu við stjórn þingsins.

7. gr.

Auk forseta eru fyrsti og annar varaforseti kosnir í upphafi þings. Forseti og varaforsetar koma úr röðum leikmanna þingsins. Kosningin er óbundin og skrifleg.

Forseti og varaforsetar mynda forsætisnefnd kirkjuþings, sem forseti stýrir.

IV. KAFLI.

Fastanefndir kirkjuþings, stjórnarkjör og aðrar þingkjörnar nefndir.

8. gr.

Fastanefndir kirkjuþings eru kjörnar að lokinni kosningu forseta og varaforseta þingsins.

Formenn og varaformenn nefndanna eru kosnir sérstaklega.

9. gr.

Fastanefndir kirkjuþings eru:

1. Fjárhagsnefnd, skipuð níu kirkjuþingsfulltrúum. Nefndin fjallar um tillögu að fjárhagsáætlun og ársreikning Þjóðkirkjunnar. Þá fjallar nefndin um tillögur að sölu eigna og önnur fjárhagsleg málefni.

2. Kirkjuréttar- og laganefnd, skipuð níu kirkjuþingsfulltrúum. Nefndin fjallar um þau mál sem fram eru borin á þinginu og varða löggjöf á vettvangi þjóðkirkjunnar. Enn fremur tillögur að starfsreglum, sbr. þó 3. tl.

3. Starfshátta- og skipulagsnefnd, skipuð tíu kirkjuþingsfulltrúum. Nefndin fær skýrslur sem lagðar eru fram á kirkjuþingi til umfjöllunar, tillögur að starfsreglum sem varða innra starf kirkjunnar og skipulag kirkjunnar í héraði svo og öll önnur þingmál sem falla utan verksviðs hinna nefndanna.

Forseti getur lagt til við kirkjuþing við fyrri umræðu þingmáls að vikið sé frá ofangreindri verkaskiptingu nefnda ef talin er þörf á að jafna vinnuálagi milli þeirra eða af öðrum sérstökum ástæðum.

Formaður fastanefndar kirkjuþings getur kallað fastanefnd saman milli þinga ef nauðsyn ber til. Þá hefur forseti kirkjuþings formenn nefndanna sér til samráðs eftir því sem honum þykir þurfa.

10. gr.

Heimilt er að óska eftir kosningu til fastanefnda að nýju við upphaf hvers reglulegs kirkjuþings.

11. gr.

1. Stjórn Þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing kýs stjórn Þjóðkirkjunnar. Kosningin er óbundin og skrifleg.

2. Aðrar nefndir

Kirkjuþing kýs nefndir samkvæmt starfsreglum og öðrum heimildum hverju sinni.

Forsætisnefnd gerir, með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara, tillögur um fulltrúa til þeirra trúnaðarstarfa sem kosið skal til á kirkjuþingi.

Breytingartillögur skulu hafa borist forsætisnefnd með hæfilegum fyrirvara eftir framlagningu þeirra, þó ekki vegna kjörs til fastanefnda þingsins.

Ef annað er ekki tekið fram í starfsreglum eða öðrum heimildum skal hver nefnd skipuð þremur mönnum og þremur til vara og skipunartími nefnda vera fjögur ár, frá 1. júlí árið eftir kirkjuþingskosningar.

Kirkjuþing kýs formann og varaformann úr röðum aðalmanna. Varamenn taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir til. Fyrsti varamaður er jafnframt varaformaður, njóti aðalmanna ekki við. Forseti birtir á opnum vef kirkjunnar upplýsingar um þær nefndir sem kirkjuþing kýs og þær heimildir sem um þær gilda.

V. KAFLI

Þingmál.

12. gr.

Þingmál skulu hafa borist forsætisnefnd kirkjuþings fimm vikum fyrir upphaf þings.

Þó er nægilegt að skýrslur stjórnar Þjóðkirkjunnar, biskups Íslands og tillaga að fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar berist forsætisnefnd þremur vikum fyrir upphaf þings.

Forsætisnefnd getur veitt undanþágu frá greindum tímamörkum ef sérstök rök mæla með því.

Forsætisnefnd metur hvort mál er þingtækt og gefur kost á því að úr annmörkum sé bætt, ef við á, en vísar ella máli frá.

13. gr.

Þingmál skulu birt á vef kirkjunnar í að minnsta kosti þrjár vikur eftir að þau hafa borist forsætisnefnd. Að þeim tíma liðnum er flutningsmönnum heimilt að gera breytingar á þingmáli innan viku og senda þá nýtt eintak, sem skal birt á vefnum.

Heimilt er forsætisnefnd að samþykkja að birt séu á vefnum áform um þingmál til kynningar. Þegar þingmál eru komin í endanlegt horf skulu þau svo skjótt sem auðið er birt á opnum vef Þjóðkirkjunnar. Birta skal einnig fram komnar umsagnir við hvert þingmál og annað sem kann að varða málið.

14. gr.

Tillögur um nýjar starfsreglur eða breytingar á eldri starfsreglum skulu samdar með lagasniði.

Tillögur til þingsályktunar skulu vera í ályktunarformi.

Sérhverri tillögu skal fylgja almenn greinargerð og skýringar á helstu ákvæðum.

15. gr.

Forsætisnefnd getur heimilað framlagningu nýs þingmáls á þinginu enda samþykki 2/3 hluti atkvæðisbærra kirkjupingsfulltrúa það. Málið verður þá ekki tekið fyrir fyrr en næsta dag.

16. gr.

Ef tillaga felur í sér kostnað eða tekjur skal áætlun um það og skýringar við einstaka liði fylgja greinargerð. Gera skal grein fyrir stofn- og rekstrarkostnaði og tekjum ef við á.

Feli breytingartillaga við mál í sér kostnað umfram það sem upphafleg tillaga gerir ráð fyrir skal fylgja tillögunni greinargerð þar um.

Umsögn framkvæmdastjóra Þjóðkirkjunnar um kostnaðaráætlun skal fylgja málinu svo og um breytingartillögu ef við á.

17. gr.

Tvær umræður skulu fara fram um hvert þingmál með að minnsta kosti einnar nætur millibili. Þó getur kirkjuping samþykkt að umræður um fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar séu þrjár.

Fastanefndir kirkjupings fá þingmál til meðferðar milli umræðna.

Skýlt er að leggja fram í þingnefndum hverjar þær upplýsingar sem óskað er eftir á þingfundi eða í nefndum, nema lög mæli á annan veg.

Fastanefnd getur óskað eftir umsögn um þingmál og kallað fólk fyrir nefndina til viðtals og upplýsingagjafar.

Fastanefnd getur óskað eftir umfjöllun eða umsögn annarrar fastanefndar um þingmál eða tiltekna þætti þingmáls, ef nauðsyn krefur.

Heimilt er forseta kirkjupings, mæli enginn kirkjupingsfulltrúi gegn því, að ákveða að þingmál megi afgreiða með einni umræðu og án umfjöllunar fastanefndar kirkjupings. Skal forseti kynna þá tillögu að ákvörðun svo skjótt sem kostur er og áður en umræða um

þingmálið hefst. Heimilt er kirkjuþingsfulltrúum að óska umfjöllunar fastanefndar kirkjuþings og seinni umræðu um málið, allt fram til þess að forseti lýsir umræðu um mál lokið.

18. gr.

Nefndarálit og breytingartillögur nefnda skal að jafnaði birt kirkjuþingsfulltrúum daginn áður en þingmál er tekið til síðari umræðu. Það skal undirritað af nefndarmönnum og framsögumaður tilgreindur. Nefndir geta skilað álit meiri hluta og minni hluta. Leggi fastanefnd, meiri hluti eða minni hluti, til breytingar á þingmáli, sem gæti varðað stefnur þjóðkirkjunnar s.s. jafnréttisstefnu, skal gerð grein fyrir því í nefndaráliti. Forsætisnefnd fer yfir þær breytingartillögur og kynnir kirkjuþingi, ef þurfa þykir, álit sitt á því sem betur mætti fara.

VI. KAFLI.

Fundarsköp.

19. gr.

Forseti kirkjuþings setur kirkjuþing að loknu helgihaldi og stýrir því.

20. gr.

Skýlt er kirkjuþingsfulltrúum að sækja alla þingfundi nema leyfi forseta komi til. Í forföllum kirkjuþingsfulltrúa skal ávallt kalla til varamann hans hafi tilkynning um forföll borist skriflega til forseta eigi síðar en einni viku fyrir boðaðan þingfund.

Heimilt er forsætisnefnd að ákveða að störf kirkjuþings fari fram með fjarfundarbúnaði. Forseta kirkjuþings er heimilt að samþykkja að kirkjuþingsfulltrúi, sem þess óskar, geti tekið þátt í störfum þingsins með fjarfundarbúnaði.

21. gr.

Forseti kirkjuþings stýrir umræðum og kosningum á þinginu. Varaforseti gegnir störfum forseta í forföllum hans.

Ef forseti tekur þátt í umræðum, öðrum en þingstjórn gefur tilefni til, víkur hann sæti á meðan og varaforseti stýrir fundi.

Heimilt er að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu og um fundarstjórn forseta. Enginn má þó tala lengur um það en tvær mínútur.

22. gr.

Forseti kirkjuþings boðar til næsta fundar með dagskrá og birtir á opnum vef þjóðkirkjunnar. Forseti getur breytt röð á þeim málum sem eru á dagskrá og einnig tekið mál út af dagskrá. Forseti getur ákveðið, ef enginn kirkjuþingsfulltrúi andmælir því, að umræður fari fram um tvö eða fleiri dagskrármál í einu eftir því sem hentugt þykir.

23. gr.

Kirkjuþing unga fólksins kýs fulltrúa á kirkjuþing með málfrelsi og tillögurétt. Málfrelsi og tillögurétt á fundum kirkjuþings hafa biskup Íslands, vígslubiskupinn í Skálholti og vígslubiskupinn á Hólum, framkvæmdastjóri Þjóðkirkjunnar og fulltrúi Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands.

24. gr.

Forseti kirkjuþings heldur mælendaskrá. Forseti getur vikið frá mælendaskrá ef hann telur ástæðu til vegna umræðunnar.

25. gr.

Á hverju kirkjuþingi er þingfundur þar sem kirkjuþingsfulltrúum gefst kostur á að bera fram fyrirspurnir til biskups Íslands, vígslubiskups í Skálholti og vígslubiskups á Hólum og stjórnar Þjóðkirkjunnar.

Fyrirspurnir og svör við þeim skulu vera skrifleg. Fyrirspurnum skal skilað til forseta með sólarhrings fyrirvara. Gerð skal grein fyrir fyrirspurn í umræðu og svari við henni sömuleiðis.

Á hverju kirkjuþingi er heimilt að hafa þingfund þar sem kirkjuþingsfulltrúum gefst kostur á að ræða mál sem ekki eru á dagskrá þingsins. Óskum kirkjuþingsfulltrúa um slíkar umræður skal komið til forseta með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara. Forsætisnefnd metur hvort við beiðnum skuli orðið.

Forseti getur ákveðið að einn þingfundur á hverju kirkjuþingi skuli helgaður tilteknu málefni án þess að sérstök ósk hafi komið fram um það frá kirkjuþingsfulltrúum.

26. gr.

Flutningsmaður máls, en ekki nema einn þótt fleiri flytji, og framsögumenn nefnda mega við hverja umræðu um mál tala þrisvar, í fyrsta sinn í allt að þrjátíu mínútur, í annað sinn í allt að tíu mínútur og í þriðja sinn í allt að fimm mínútur.

Aðrir en framsögumenn mega tala tvisvar, í tíu mínútur í fyrsta sinn og fimm mínútur í annað sinn. Fari fram þriðja umræða um fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar má tala í allt að fimm mínútur.

Forseti getur, ef óskað er, heimilað stutt andsvar við framsöguræðu flutningsmanns máls og vegna nefndarálits. Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki öðru andsvari. Hvert andsvar má ekki taka lengri tíma en tvær mínútur og ekki lengri tíma en eina mínútu ef veitt er andsvar öðru sinni og er ræðumanni heimilt að svara andsvari með sömu tímamörkum. Heimilt er forseta að stytta ræðutíma hvers ræðumanns í þessum umræðum. Enginn má veita andsvar oftari en tvisvar.

Fyrirspyrjandi, en ekki nema einn þótt fleiri séu flutningsmenn fyrirspurnar, og sá sem svarar fyrirspurn mega tala tvisvar, í fyrsta skiptið í fimm mínútur og í síðara skiptið í þrjár mínútur.

Málshefjandi samkvæmt 3. mgr. 25. gr. má tala tvisvar, í fyrsta skiptið í fimmtán mínútur og síðara skiptið í fimm mínútur. Aðrir mega tala tvisvar, í tíu mínútur í fyrsta sinn og fimm mínútur í annað sinn.

Forseti getur heimilað lengri ræðutíma en að framan greinir ef hann telur þess þörf. Þá getur forseti takmarkað ræðutímann eða slitið umræðu með samþykki meirihluta kirkjuþingsfulltrúa.

Á þingfundi samkvæmt 4. mgr. 25. gr. ákveður forseti tilhögun umræðunnar, þar á meðal lengd ræðutíma.

Fari umræður fram um tvö eða fleiri þingmál í einu, gilda ofangreindar reglur um ræðutíma eftir því sem við á.

Ræðutími samkvæmt ákvæði þessu er tilgreindur í eftirfarandi yfirliti um ræðutíma.

REGLUR UM RÆÐUTÍMA

TILL. AÐ STARFSREGLUM OG ÞINGSÁLYKTUNUM	1. sinn	2. sinn	Oftar
<i>1. umræða</i>			
Flutningsmaður máls	30 mín.	10 mín.	5 mín.
Aðrir með málfrelsi og tillögurétt	10 mín.	5. mín.	
<i>2. umræða</i>			
Framsögumaður nefndarálits	30 mín.	10 mín.	5 mín.
Aðrir með málfrelsi og tillögurétt	10 mín.	5 mín.	
<i>3. umræða (um fjárhagsáætlun, ef leyft verður)</i>			
Allir kirkjuþingsfulltrúar	5. mín	5 mín.	
FYRIRSPURNIR			
Fyrirspyrjandi	5 mín.	3 mín.	
Sá sem fyrirspurn er beint að	5 mín.	3 mín.	
MÁL UTAN DAGSKRÁR (ef leyft verður)			

Málshefjandi	15 mín.	5 mín.	
Allir kirkjuþingsfulltrúar	10 mín.	5 mín.	

MÁL UTAN DAGSKRÁR (<i>skv. ákvörðun forseta</i>)			
Forseti ákveður tilhögun og lengd ræðutíma			
ANDSVÖR			
Allir kirkjuþingsfulltrúar, aðrir en framsögumaður	2 mín.	1 mín.	
Framsögumaður	2 mín.	1 mín.	
ATHUGASEMDIR			
Allir kirkjuþingsfulltrúar	2 mín.		

27. gr.

Ræðumenn á kirkjuþingi ávarpa forseta þingsins. Forseta er þó rétt að ávarpa þingið í heild. Ræðumenn skulu halda sig við málefni það sem til umræðu er hverju sinni. Þegar flutningsmenn mæla fyrir málum eða framsögumenn fyrir ályktunum nefnda geta þeir vísað til prentaðrar greinargerðar eða nefndarálits en eiga ekki að lesa skjölin í heild. Ræðumenn skulu æskja leyfis forseta ef þeir hyggjast lesa upp aðfengið prentað mál.

28. gr.

Við fyrri eða síðari umræðu er heimilt að bera fram tillögu um frávísun máls. Hún kemur til afgreiðslu við lok umræðunnar.

Í umræðum má leggja fram rökstudda dagskrártillögu þess efnis að umræðu um fyrirbyggjandi mál skuli lokið og fyrir tekið næsta mál á dagskrá. Skulu atkvæði þá greidd um hana án frekari umræðna.

Flutningsmaður máls getur dregið mál til baka allt til þess að það er komið til endanlegrar atkvæðagreiðslu. Dragi flutningsmaður mál til baka getur annar kirkjuþingsfulltrúi eða sá sem situr á þinginu með málfrelsi og tillögurétt tekið það upp á því stigi og gerst flutningsmaður málsins.

29. gr.

Hljóðrita skal umræður á kirkjuþingi og varðveita upptökur.

Forseti heldur gerðabók þar sem getið er framlagðra og fyrirtekinna mála, hverjir taka til máls, í hvaða fastanefnd máli er vísað, ásamt úrslita mála.

30. gr.

Fundir kirkjuþings fara fram í heyranda hljóði og þeim er streymt, nema þingið ákveði annað.

VII. KAFLI.

Atkvæðagreiðsla.

31. gr.

Atkvæðisrétt á kirkjuþingi hafa kjörnir kirkjuþingsfulltrúar einir. Afl atkvæða ræður úrslitum mála, nema annað sé tekið fram í starfsreglum.

Afgreiðsla mála er því aðeins gild að 2/3 hlutar kirkjuþingsfulltrúa séu á fundi, sbr. þó 6. gr.

32. gr.

Við lok fyrri umræðu um þingmál skulu atkvæði greidd um það hvort málinu verði vísað til síðari umræðu. Hljóti það ekki samþykki telst málið fellt. Ef samþykkt er að vísa máli til síðari umræðu skulu atkvæði greidd um það hvaða fastanefnd kirkjuþings fái það til umfjöllunar. Framsögumaður máls flytur tillögu um vísun til nefndar en hljóti hún ekki brautargengi leitar forseti annarra tillagna. Einungis má vísa máli til einnar fastanefndar. Við lok síðari umræðu eru atkvæði greidd um endanlega afgreiðslu máls. Heimilt er að fresta afgreiðslu máls úr þingnefnd og seinni umræðu til næsta kirkjuþings á eftir.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu.

Heimilt er forsætisnefnd að ákveða að atkvæði séu greidd með rafeindabúnaði.

Skrifleg atkvæðagreiðsla fer fram ef einhver kirkjuþingsfulltrúa óskar þess.

Viðhafa skal nafnakall sé þess óskað eða ákveði forseti það.

Við kjör til forseta, varaforseta og stjórnar Þjóðkirkjunnar skal atkvæðagreiðsla vera skrifleg.

Heimilt er forseta að ákveða að kirkjuþingsfulltrúar sem taka þátt með fjarfundarbúnaði greiði atkvæði með rafrænum hætti.

Forseti getur endurtekið atkvæðagreiðslu ef hún þykir óglögg. Að atkvæðagreiðslu lokinni lýsir forseti úrslitum.

VIII. KAFLI.

Afbrigði og breytingar á þingsköpum.

34. gr.

Að tillögu forseta má bregða út af þingsköpum þessum ef 2/3 þeirra kirkjuþingsfulltrúa er um það greiða atkvæði samþykkja.

35. gr.

Þingsköpum kirkjupings verður ekki breytt nema með samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra kirkjupingsfulltrúa, miðað við fullskipað þing.

IX. KAFLI

Gildistaka.

36. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma falla brott starfsreglur nr. 11/2021-2022 um þingsköp kirkjuþings, með síðari breytingum.

Greinargerð.

Tillögur þessar að starfsreglum um þingsköp kirkjuþings eru samdar af starfshópi þriggja kirkjuþingsfulltrúa og flytja þeir jafnframt tillöguna. Með bréfi forseta kirkjuþings, dags. þann 27. maí 2025, var starfshópur þessi settur á laggirnar. Í bréfinu segir um hlutverk hópsins:

“Hópurinn fari yfir starfsreglur um þingsköp kirkjuþings og vinni tillögur að breytingum á þeim verði þess talin þörf.

Starfshópurinn skili greinargerð til forseta kirkjuþings ásamt hugsanlegum breytingatillögum eigi síðar en 1. september 2025.”

Þá segir enn fremur í greinargerð með framangreindu bréfi forseta:

“Ný lög um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 tóku gildi 1. júlí 2021.

Starfsreglur kirkjuþings hafa verið aðlagðar nýju lagaumhverfi og regluverk einfaldað. Samþykktar voru m.a. nýjar starfsreglur um þingsköp kirkjuþings nr. 11/2021-2022. Þeim hefur verið breytt nokkrum sinnum síðan.

Þingsköp kirkjuþings verða ávallt að samræmast 4. gr. þjóðkirkjulaga þar sem segir:

Þjóðkirkjan skal í starfsháttum sínum hafa í heiðri grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis.

Enn fremur verða þingsköp að tryggja að málsmeðferð þingmála sé vönduð og að þingstörf séu skilvirk. Þá verður regluverk að vera einfalt sem kostur er og gæta ber hagkvæmni í hvívetna.

Forseti kirkjuþings telur rétt að farið sé yfir þingsköp kirkjuþings og metið hvort þörf sé breytinga á framangreindum grundvelli. Sé það talið verður tillaga að breytingum á starfsreglum um þingsköp lögð fyrir 67. kirkjuþing í haust.”

Starfshópurinn hefur unnið að endurskoðun starfsreglnanna á grundvelli þess er að framan greinir. Með starfshópnum unnu Guðmundur Þór Guðmundsson og Ragnhildur Benediktsdóttir, lögfræðingar kirkjuþings.

Kirkjuþing það, sem nú situr, verður að óbreyttum lögum, fyrsta þingið sem starfar á öllu kjörtímabili sínu á grundvelli nýrra þjóðkirkjulaga og þar með nýs skipulags þjóðkirkjunnar. Komin er reynsla á núverandi þingsköp í hinu nýja lagaumhverfi, sem nýst hefur starfshópnum vel. Starfshópurinn telur að einfalda megi þingsköp nokkuð og stytta reglurnar. Styttning og einföldun regluverks hefur almennt verið viðhöfð undanfarin ár. Einnig er lítið til ýmissa tæknilausna og framfara á því sviði, sem kirkjuþing hefur nýtt sér

undanfarin ár. Þá þykir rétt að fara betur yfir hlutverk forsætisnefndar og samræma ákvæði um ábyrgðarsvið nefndarinnar.

Þingsköp kirkjuþings eiga sér nokkra fyrirmynd í þingsköpum Alþingis. Starfshópurinn hefur því litið til þingskapa Alþingis við samningu nýrra reglna t.d. um andsvör.

Hópurinn leggur til að nýkjörið kirkjuþing verði kallað saman í beinu framhaldi af kirkjuþingskosningu. Atbeini fráfarandi forseta við setningu nýkjörins kirkjuþings verði eingöngu sá að boða til þingsins. Sá sem lengsta þingreynslu hefur stýrir síðan fyrsta fundi og forsetakjöri.

Hópurinn telur rétt að styrkja nefndarstarf kirkjuþings. Því er lagt til að sjálfstæði þingnefnda verði aukið. Þannig geti formenn boðað til nefndarfunda milli þinga en ekki eingöngu forseti kirkjuþings. Lagt er til að svigrúm nefnda til gagnaöflunar aukist. Þá er lagt til að vinnuálag nefnda verði jafnað.

Starfshópurinn telur rétt að leggja til breytt nöfn allsherjar- og löggjafarnefnda, þannig að þau verði meira lýsandi fyrir ábyrgðarsvið nefndanna eins og það er í dag. Er lagt til að allsherjarnefnd nefnist eftirleiðis starfshátta- og skipulagsnefnd. Löggjafarnefnd nefnist kirkjuréttar- og laganefnd. Gerð er nánari grein fyrir þessu í umfjöllun um 9. gr. tillögu þessara.

Gert er ráð fyrir að einungis megi vísa þingmáli til einnar fastanefndar. Í einstökum tilvikum hefur málum verið vísað til allra fastanefnda. Starfshópurinn telur rétt að falla frá því þannig að ávallt sé skýrt, hvaða fastanefnd ber ábyrgð á máli. Hins vegar geti sú fastanefnd sem máli er vísað til óskað eftir umfjöllun eða umsögn annarrar fastanefndar um þingmál eða tiltekna þætti þingmáls, ef nauðsyn krefur. Umfjöllun fleiri en einnar fastanefndar getur því eftir sem áður komið til, þrátt fyrir framangreindar breytingar.

Lagt er til að umræður um fjárhagsáætlun geti verið þrjár. Fjárhagsáætlun er umfangsmikið og jafnframt mjög þýðingarmikið mál og þykir því rétt að mögulegt sé að víkja frá hinum almennu reglum um tvær umræður.

Tekin eru upp andsvör við framsöguræðum og lagðar til reglur þar um.

Gerð er nánari grein fyrir breytingum í skýringum við einstök ákvæði tillögunnar.

Það er niðurstaða hópsins að betur fari á því og að skýrara sé að leggja fram nýjar heildartillögur að starfsreglum um þingsköp fremur en að breyta núverandi starfsreglum.

Starfshópurinn telur að tillögur þessar feli ekki í sér breytingar á kostnaði vegna starfa kirkjuþings.

Um einstakar greinar tillögunnar.

I. KAFLI.

Þingfundir.

Um 1. gr.

Lagt er til að ákvæðið verði stytta og einfaldað nokkuð frá því sem er í núgildandi 1. gr. Felld verði brott ákvæði um að boða skuli þing á haustmánuðum, að þingið skuli starfa allt að

tveimur vikum í senn og ákvæði um þann sex mánaða hámarkstíma sem þinghlé getur staðið yfir. Forseti hafi samráð við forsætisnefnd um boðun til aukakirkjuþings en brott falli áskilnaður um brýna nauðsyn.

II. KAFLI.

Sérstakt hæfi.

Um 2. gr. - 5. gr.

Í 7. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 segir að um sérstakt hæfi kirkjuþingsfulltrúa fari eftir starfsreglum kirkjuþings. Núverandi ákvæði starfsreglna um þingsköp byggja að miklu leyti á stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. Sú tenging á ekki við lengur þar sem stjórnarsýslulög gilda ekki lengur um starfsemi kirkjunnar. Þá hefur starfshópurinn í huga að kirkjuþing fjallar ekki lengur um tiltekna málaflokka sem samkvæmt gildandi reglum valda vanhæfi. Má þar nefna starfskostnað vegna prestsstarfa og gjaldskrá vegna prestsþjónustu. Að mati starfshópsins er fullnægjandi að hafa hið almenna ákvæði núgildandi 1. málsg. 3. gr. starfsreglnanna um það hvenær víkja beri sæti við umfjöllun mála. Þá þykir rétt að í 2. málsg. 3. gr. tillögunnar verði efni ákvæða þjóðkirkjulaga um sérstakt hæfi tekið upp. Nánar tiltekið er þar um að ræða 3. málsg. 7. gr. laganna. Starfshópurinn leggur því til styttingu og einföldun á ákvæðum um sérstakt hæfi í II. kafla starfsreglna um þingsköp kirkjuþings.

III. KAFLI.

Störf nýkjörins kirkjuþings.

Um 6. gr.

Lögð er til sú breyting að nýkjörið kirkjuþing komi saman í beinu framhaldi af kirkjuþingskosningum. Það verði að jafnaði síðasta laugardag júní mánaðar en þó aldrei síðar en innan fjögurra vikna frá útgáfu kjörbréfa.

Kjörbréfanefnd falli brott enda telur starfshópurinn útgáfu kjörbréfa kjörstjórnar fullnægjandi staðfestingu á löglegu kjöri fulltrúa og því atbeina sérstakrar kjörbréfanefndar óþarfan. Á þessum upphafsfundi verði forseti þingsins kjörinn, svo og varaforsetar og fastanefndir kirkjuþings. Þannig geta fastanefndir tekið til starfa ef þörf krefur, ekki hvað síst vegna fjárhagsáætlunar næsta árs. Samkvæmt 12. gr. starfsreglna um kjör til kirkjuþings nr. 8/2021-2022, skal atkvæðagreiðsla við kirkjuþingskosningar fara fram á tímabilinu 1. til 20. maí á því ári sem kjósa skal og skal atkvæðagreiðslan standa yfir í fimm sólarhringa samfelld. Dagsetningar þingsetningar samkvæmt framanskráðu miðast við þetta. Einnig verður að ganga út frá því að kærufrestir vegna kosninga séu liðnir og úrlausn veitt um hugsanlegar kærur liggi fyrir. Þá verður að ætla kjörstjórn tíma til að ganga frá kjörbréfum þeirra sem kjör hlutu til kirkjuþings.

Í samræmi við niðurlagsákvæði 2. málsg. 7. gr. þjóðkirkjulaga boðar fráfarandi forseti kirkjuþings til þingsins. Lagt er til að sá kirkjuþingsfulltrúi, þ.e. leikmaður, sem hefur lengsta þingsetu að baki stýri fundi og stjórn kjöri forseta.

Um 7. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 9. gr. núgildandi starfsreglna.

IV. KAFLI.

Fastanefndir kirkjuþings, stjórnarkjör og aðrar þingkjörnar nefndir.

Um 8. gr.

Lagt er til að fastanefndir kirkjuþings séu kosnar ótímabundið á fyrsta fundi nýkjörins kirkjuþings. Kosning miðist þannig við kjörtímabil kirkjuþingsins. Í núgildandi þingsköpum eru nefndirnar kosnar til árs í senn, þ.e. á hverju reglulegu kirkjuþingi. Sá varnagli er þó sleginn í 10. gr. tillögu þessarar, að heimilt verði að óska eftir kosningu til fastanefnda við upphaf hvers reglulegs kirkjuþings.

Um 9. gr.

Starfshópnum þykir rétt að aðlaga starfsreglur um fastanefndir kirkjuþings, að breyttum reglum og starfsháttum þjóðkirkjunnar. Skilgreiningar á ábyrgðarsviðum hverrar nefndar eru endurskoðaðar með hliðsjón af öllum þeim breytingum sem orðið hafa á starfi og skipulagi þjóðkirkjunnar með nýjum þjóðkirkjulögum. Rétt þykir sömuleiðis að jafna betur vinnuálagi niður á nefndirnar, en allsherjarnefnd hefur undanfarin ár fengið tiltölulega fá mál til umfjöllunar miðað við hinar fastanefndirnar.

Með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á lagalegri umgjörð þjóðkirkjunnar nefnist eftirleiðis sú fastanefnd kirkjuþings sem fjallað hefur um löggjafarmálefni kirkjunnar, kirkjuréttar- og laganefnd. Er þá litið til þess að umfang settra laga hefur minnkað umtalsvert í kirkjuréttinum, með nýjum þjóðkirkjulögum. Þess í stað setur kirkjuþing bindandi starfsreglur um öll meginatriði í skipulagi og starfsemi þjóðkirkjunnar. Uppistaða í kirkjuréttinum er því í dag starfsreglur en ekki sett lög. Því er lagt til breytt heiti löggjafarnefndar kirkjuþings, sem tekur mið af framangreindum breytingum. Heiti fjárhagsnefndar verður óbreytt en lýsing á ábyrgðarsviði nefndarinnar er samræmd breyttu umhverfi fjármála þjóðkirkjunnar.

Þá leggur starfshópurinn til að heiti allsherjarnefndar verði starfshátta- og skipulagsnefnd. Þykir hópnum það heiti lýsa betur þeim verkefnum sem allsherjarnefnd hefur sinnt. Lagt er til að nefndin fái til umfjöllunar starfsreglur sem varða starfshætti og skipulag kirkjunnar. Má þar einkum nefna tillögur sem varða skipulag kirkjunnar í héraði, kirkjutónlist og um sálgæslu- og fjölskylduþjónustu kirkjunnar. Gert er ráð fyrir að nokkuð svigrúm gefist til að þróa hefðir og venjur um vísun mála til nefnda eins og verið hefur. Starfshópurinn telur rétt, að tekið sé upp í þingsköp, að víkja megi frá ofangreindri verkaskiptingu nefnda verði talin þörf á að jafna vinnuálagi milli þeirra eða af öðrum sérstökum ástæðum. Þá leggur starfshópurinn til að formenn fastanefnda kirkjuþings, í stað forseta eins og nú er, geti kallað nefndir saman milli þinga beri nauðsyn til.

Um 10. gr.

Eins og segir í athugasemdum við 8. gr. er gert ráð fyrir að fastanefndir verði kosnar á fyrsta fundi nýkjörins kirkjupings, út kjörtímabilið. Þó þykir rétt að gera ráð fyrir að kjósa megi til fastanefnda að nýju enda komi ósk þar um fram við upphaf reglulegs kirkjupings. Líklegast yrði þar ekki um að ræða kosningar til nefndanna í heild heldur væri kosið um einstaka kirkjupingsfulltrúa.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi á kosningu til stjórnar Þjóðkirkjunnar, þ.e. að kosningin sé óbundin og skrifleg.

Starfshópurinn leggur til að reglur um kosningu nefnda séu endurskoðaðar og þær gerðar skýrari.

Í fyrsta lagi er lagt til að þriggja sólarhringa fyrirvari sé að lágmarki á framlagningu tillagna forsætisnefndar um fulltrúa. Breytingartillögur skuli hafa borist forsætisnefnd með hæfilegum fyrirvara eftir framlagningu þeirra. Þó þykir eðlilegt að gera ráð fyrir því að breytingartillögur vegna kjörs til fastanefnda þingsins geti komið fram með skemmri fyrirvara. Verður að hafa í huga að kjör til fastanefnda fer fram í beinu framhaldi af kjöri forseta og varaforseta. Forseti situr ekki í neinni af fastanefndum kirkjupings. Þegar ljóst er hverjir hafa verið kjörnir til embætta forseta og varaforseta er eðlilegt að breytingartillögur geti komið fram áður en gengið er til kjörs í fastanefndir.

Í öðru lagi verði tekin upp þau almennu viðmið um nefndir sem voru í starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum. Þar er um að ræða að sé annað ekki tekið fram í starfsreglum eða öðrum heimildum skuli hver nefnd skipuð þremur mönnum og þremur til vara.

Skipunartími nefnda sé fjögur ár, frá 1. júlí árið eftir kirkjupingskosningar. Kosturinn við þetta fyrirkomulag er að reglur eru samræmdar og skýrar. Nýkjörnu kirkjupingi gefst nægur tími til að undirbúa vel nefndaskipun. Miðað við framangreindan tímaramma væri fullnægjandi að kjósa til nefnda á vorfundi fyrstu þinglotu nýs kirkjupings.

Lagt er til að kirkjuping kjósi, auk formanns nefndar, varaformann úr röðum aðalmanna. Varamenn taki sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir til. Komi til þess að allir varamenn séu kallaðir til, er lagt til að fyrsti varamaður sé varformaður.

Í þriðja lagi er lagt til að forseti birti á opnum vef kirkjunnar upplýsingar um þær nefndir sem kirkjuping kýs og þær heimildir sem um þær gilda. Er tillaga þessi í samræmi við 2. málsg. 8. gr. Þjóðkirkjulaga, þar sem kveðið er á um sams konar birtingarskyldu almennt hvað varðar starfsreglur, samþykktir og ályktanir kirkjupings.

V. KAFLI.

Þingmál.

Um 12. gr.

Lagt er til að almennur framlagningarfrestur þingmála verði fimm vikur fyrir upphaf þings í stað fjögurra vikna. Með því móti gefst forsætisnefnd meiri tími til að fara yfir framkomin

mál, bæta úr annmörkum ef við á og birta á vef kirkjunnar með tilskyldum fyrirvara, sbr. 13. gr. tillögu þessarar. Framlagningarfrestir vegna skýrslu stjórnar, biskups Íslands og tillögu að fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar eru óbreyttir, þ.e. þrjár vikur. Starfshópurinn telur að öðru leyti að stytta megi ákvæðið, án annarra efnisbreytinga, í stað þess að hafa þau nákvæmu fyrirmæli sem nú er að finna í 13. gr. um þingmál.

Um 13. gr.

Gerð er tillaga um að þingmál skuli birt á vefnum að lágmarki í þrjár vikur eftir að þau hafa borist forsætisnefnd. Flutningsmönnum er að því búnu heimilt að breyta máli innan viku að liðnum framangreindum fresti, t.d. ef borist hafa umsagnir sem þykja gefa tilefni til slíks. Þá ber þeim að senda nýtt eintak sem birt er á vefnum. Af framangreindu leiðir að mikilvægt er að forsætisnefnd birti fram komin mál svo skjótt sem auðið er og ekki síðar en rúmlega fjórum vikum fyrir þing. Þá er lagt til að tekið sé upp í reglur um þingsköp, sú framkvæmd sem verið hefur að umsagnir um þingmál séu birtar á vefnum með hverju máli.

Um 14. gr.

Tillagan er efnislega samhljóða núgildandi 15. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings. Þó þykir mega stytta ákvæðið nokkuð til einföldunar. Einnig er lagt til að ákvæði 16. gr. og 17. gr. í núgildandi starfsreglum falli brott þar sem efni þeirra er þegar komið fram annars staðar m.a. í 13. gr. tillögunnar.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir, eins og verið hefur, að heimila megi framlagningu nýs þingmáls á þinginu, en rétt þykir að áskilja að samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra kirkjuþingsfulltrúa þurfi til að koma.

Um 16. gr.

Ákvæðið sem varðar fjárhagslega þætti þingmála, gjöld og tekjur, er í öllum aðalatriðum óbreytt frá núverandi 19. gr. Þó þykir rétt að taka upp það nýmæli að breytingartillögu við mál sem kann að fela í sér önnur gjöld eða tekjur, frá því sem greinir í upphaflegri tillögu, verði einnig að fylgja greinargerð sem skýri nánar þá fjárhagslegu þætti.

Um 17. gr.

Umræður um hvert mál verða tvær, eins og almenna reglan hefur verið. Þó leggur starfshópurinn til að þingið geti samþykkt að umræður um fjárhagsáætlun geti verið þrjár. Fjárhagsáætlun er mikilvægur grundvöllur að starfi kirkjunnar og því mikilvægt að gefa kost á meiri umræðu ef þurfa þykir.

Lagt er til að tekið verði upp ákvæði sem gefur fastanefnd kost á að kalla eftir umsögn um þingmál og eins að kalla fólk fyrir nefnd til viðtals og upplýsingagjafar. Í framkvæmd hefur þetta verið talið heimilt. Þykir starfshópnum rétt að formleg ákvæði um þetta komi inn í þingsköp.

Þingmálum hefur í einstökum tilvikum verið vísað til umfjöllunar allra fastra þingnefnda. Þar er einkum um að ræða mál sem hafa mikla grundvallarþýðingu. Í framkvæmd getur þetta reynst flókið. Starfshópurinn leggur til að fastanefnd, sem fengið hefur mál til umfjöllunar í fyrri umræðu, geti óskað eftir umfjöllun eða umsögn annarrar fastanefndar um þingmál eða tiltekna þætti þingmáls, ef nauðsyn krefur. Þannig verði fallið frá því að vísa þingmálum til fleiri en einnar nefndar. Með þessu fyrirkomulagi er ljóst hvaða nefnd hefur forræði máls og ber ábyrgð á að skila nefndaráliti og eftir atvikum breytingartillögum.

Um 18. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá núgildandi 21. gr. þingskapa.

VI. KAFLI.

Fundarsköp.

Um 19. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá núgildandi 22. gr.

Ákvæði 23. gr. núgildandi starfsreglna um kjör varaforseta falli brott, enda áður fjallað um það í 7. gr. tillögu þessarar.

Ákvæði 24. gr. núgildandi starfsreglna um kjör þingskrifara falli einnig brott. Að mati starfshópsins er nægilegt að forseti ábyrgist og undirriti fundargerðir. Í framkvæmd hefur svo verið og sérstakur starfsmaður hefur haldið fundargerðir undir stjórn forseta. Þá er gert ráð fyrir að fundum sé streymt og þeir einnig teknir upp.

Um 20. gr.

Ákvæðið er að mestu óbreytt frá núgildandi 25. gr. en er þó stytt aðeins og einfaldað. Er þá litið til þess að fjarfundir eru orðnir algengir í dag og tækniþróunir hafa auðveldað fjarfundastörf.

Um 21. gr.

Ákvæði þetta á sér samsvörun í 26. gr. núgildandi starfsreglna. Þó er lagt til að reglur um atkvæðagreiðslur falli brott, enda um þær fjallað í VII. kafla tillagna þessara.

Lagt til að gera megi stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu og um fundarstjórn forseta. Starfshópurinn hefur í þessu sambandi litið m.a. til þingskapa Alþingis.

Um 22. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá því sem núgildandi 27. gr. þingskapa kveður á um. Þó þykir mega stytta það nokkuð og einfalda. Þær breytingar skýra sig sjálfar.

Um 23. gr.

Starfshópurinn leggur til að framsetningu þeirri sem nú er í 28. gr. þingskapa sé breytt á þann veg að í upphafi ákvæðisins sé fjallað um tilnefningarrétt kirkjupings unga fólksins. Orðalag sé þannig að fjöldi tilnefndra fulltrúa sé ekki tilgreindur í þessum reglum heldur sé

hann ákveðinn hverju sinni í starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins. Að öðru leyti er ákvæðið efnislega óbreytt. Þó er lagt til að brott falli sú regla að biskup Íslands og forseti kirkjuþings geti falið fulltrúa sínum að gera grein fyrir þingmáli og taka þátt í umræðum fyrir sína hönd. Starfshópurinn sér ekki nauðsyn þess að hafa slíkt ákvæði í starfsreglum.

Um 24. gr.

Ákvæðið er stýtt lítillega frá núverandi 29. gr. en er efnislega óbreytt.

Um 25. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá núgildandi 30. gr.

Starfshópurinn leggur hins vegar til að beiðnir um fyrirtöku mála sem ekki eru á dagskrá þingsins, þurfi að leggja fram með tveggja sólarhringa fyrirvara. Þykir rétt að veita forsætisnefnd meira svigrúm til mats á slíkri beiðni og endurskoðun á dagskrá þingsins ef til kemur.

Um 26. gr.

Starfshópurinn leggur til að almenn ákvæði um ræðutíma haldist óbreytt þó þannig að fari fram þriðja umræða um fjárhagsáætlun gildi sömu reglur og um aðra umræðu, þ.e. að ræðutími sé allt að fimm mínútur.

Starfshópurinn leggur til þau nýmæli að heimila megi svonefnd andsvör við framsöguræðu flutningsmanns máls svo og vegna nefndarálits. Lagt er til að gefinn sé stuttur tími til andsvara og viðbragða við þeim. Er í því sambandi horft til þingskapa Alþingis.

Birt er tafla með skjali þessu sem sýnir yfirlit yfir ræðutíma á kirkjuþingi. Með hliðsjón af 100. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum, er til glöggvunar sett fram tafla sem sýnir yfirlit yfir ræðutíma á kirkjuþingi.

Um 27. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá núgildandi 32. gr. þingskapa.

Um 28. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá núgildandi 33. gr. þingskapa.

Um 29. gr.

Eins og áður hefur komið fram leggur starfshópurinn til að fallið verði frá því að kjósa sérstaka þingskrifara, sbr. 19. gr. tillögu þessarar. Þess í stað ábyrgist forseti þingsins ritun gerðabókar þingsins. Ákvæðið stýttist því nokkuð.

Ákvæði um það hvað bóka skuli í gerðabók eru einfölduð lítillega en þó bætt við að færa skuli til bókar í hvaða fastanefnd máli er vísað.

Um 30. gr.

Áskilið er í 4. gr. Þjóðkirkjulaga að Þjóðkirkjan skuli í starfsháttum sínum hafa í heiðri grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis. Starfshópurinn telur í því sambandi mikilvægt að binda í starfsreglur að fundum kirkjuþings sé að jafnaði streymt. Ákvæði 35. gr. núgildandi starfsreglna er að öðru leyti óbreytt.

VII. KAFLI

Atkvæðagreiðsla.

Um 31. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða núgildandi 36. gr. að öðru leyti en því að ákvæði um atkvæðagreiðslur þegar fjarfundabúnaður er nýttur, færist í 33. gr. tillögu þessarar um rafrænar atkvæðagreiðslur.

Um 32. gr.

Starfshópurinn leggur til að sú regla verði tekin upp að einungis megi vísa máli við lok fyrri umræðu til einnar fastanefndar. Sjá einnig umfjöllun um 17. gr.

Þá er lagt til að brott falli niðurlagsákvæði 37. gr. Þess efnis að allar tillögur um málsmeðferð og úrslit mála skuli vera skriflegar.

Ákvæði 37. gr. núgildandi starfsreglna er að öðru leyti óbreytt.

Um 33. gr.

Almenna reglan um atkvæðagreiðslur á fundum kirkjuþings er handaupprétting. Þó þykir starfshópnum rétt að gera ráð fyrir því að forsætisnefnd geti ákveðið að viðhafa rafræna atkvæðagreiðslu. Nefndin hefur látið kanna tæknilega möguleika þess og er auðvelt að taka slíkt upp, án mikils kostnaðar.

Kosningar til forseta, varaforseta og stjórnar Þjóðkirkjunnar eru óbundnar. Venjan er sú að þær kosningar eru skriflegar, þ.e. að kirkjuþingsfulltrúi ritar nafn þess sem hann vill kjósa.

VIII. KAFLI.

Afbrigði og breytingar á þingsköpum.

Um 34. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá núgildandi 39. gr.

Um 35. gr.

Lagt er til að áskilið verði að samþykki 2/3 hluta kirkjuþingsfulltrúa fullskipaðs þings að lágmarki þurfi til að koma svo þingsköpum verði breytt. Miðað við núverandi fjölda atkvæðisbærra kirkjuþingsfulltrúa verða a.m.k. 20 að samþykkja breytt þingsköp.

IX. KAFLI.

Gildistaka.

Um 36. gr.

Lagt er til að gildistaka miðist við birtingu.